

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN MIÐVIKUDAGINN

30. maí 2018 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.



Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykka sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru skráðir 57.054 sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 218.603.887.673. Á fundinn var mætt af hálfu 581 sjóðfélaga og farið með 13.411.226.908 atkvæða eða 6,13% heildaratkvæða.

Bjarni greindi frá því að Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG væri á fundinum til að fylgjast með kosningu og talningu atkvæða.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Hér kemur ávarp formanns stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundarmenn,

Árið 2018 markar tímamót í sögu Frjálsa lífeyrissjóðsins, en nú eru 40 ár frá stofnun sjóðsins. Fjárfestingarfélag Íslands hafði frumkvæði að því að stofna sjóðinn árið 1978 og lagði þar með grunn að fyrsta séreignarlífeyrissjóði Íslandssögunnar.

Sjóðurinn og forsvarsfólks hans hafa í gegnum árin veitt mikilvægt aðhald í lífeyriskerfi landsins og verið talsmenn aukins frelsis í lífeyrismálum almennings.

Á þessum tímamótum í sögu sjóðsins stendur sjóðurinn vel. Í raun hefur hann aldrei á sinni 40 ára sögu staðið betur þegar litið er til fjölda sjóðfélaga, stærðar sjóðsins, móttöku iðgjalda og greiðslu lífeyris. Árangur sjóðsins verður að teljast merkilegur, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða sjóð með frjálsa aðild sem er í samkeppni við sjóði sem launþegum ber að greiða í að þeim forspurðum.

Ávöxtun

Fjárfestingarleiðir Frjálsa skiluðu nafnávöxtun á bilinu 5,8% til 6,9% árið 2017 sem samsvarar raunávöxtun á bilinu 4% til 5%. Árangur lífeyrissjóða í ávöxtun er best mældur yfir langt tímabil enda um lífeyrissparnað að ræða. Langtímaávöxtun Frjálsa er góð miðað við markaðsaðstæður og aðra sambærilega sjóði en meðalraunávöxtun séreignarleiða sjóðsins sl. 15 ár er á bilinu 4,0% - 4,5%.

Hrein eign og stækkun

Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Frjálsa í lok árs 2017 var rúmlega 210 milljarðar sem er tæplega 25 milljarða aukning frá fyrra ári. Sjóðurinn hefur stækkað mikið á undanförunum árum, hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir og sú þróun heldur sér á liðnu ári. Vöxtur Frjálsa var 13,5% og fór sjóðurinn úr því að vera 6. stærsti lífeyrissjóður landsins yfir í að vera sá 5. stærsti. Þess má einnig geta að einu sjóðirnir sem eru stærri en Frjálsi eru sjóðir með skylduaðild og þessi árangur því sérstaklega ánægjulegur.

Sjóðfélagalán

Líkt og ég nefndi í ávarpi mínu á ársfundi sjóðsins 2017 þá jókst eftirspurn á sjóðfélagalánum gífurlega eftir breytingar stjórnar á vöxtum, lánareglum og öðrum atriðum tengdum sjóðfélaga lánum sjóðsins í byrjun árs 2016. Breytingar sem allar miðuðu að því að auðvelda sjóðfélögum fjármögnum við kaup á íbúðarhúsnæði og auka sveigjanleika við lántöku. Jafnframt hafa rafrænar þjónustuleiðir Arion banka nýst sjóðfélögum Frjálsa við lántöku og eiga vissulega þátt í þessari þróun. Þessi þróun á sjóðfélagalánum, þ.e. sú mikla eftirspurn og aukning útlána sjóðsins hefur aukið vægi þeirra sem hlutfall heildareigna töluvert. Það er markmið sjóðsins að geta boðið sjóðfélögum sínum upp á lán á samkeppnishæfum kjörum. Hinsvegar þarf sjóðurinn fyrst og fremst að gæta hagsmuna sjóðfélaga í heild, því þurfa þessi lán jafnframt að teljast góður fjárfestingarkostur fyrir sjóðinn. Það var fyrirséð að án nokkurra breytinga á lánareglum hefði hlutfall sjóðfélagalána farið yfir það hlutfall heildareigna sjóðsins sem stjórn telur skynsamlegt að bundið sé í sjóðfélagalánum en stjórnin miðar við að hlutfallið sé 10-15% af eignum. Það var því farið í töluverðar breytingar á lánareglum sjóðsins á árinu til að hægja á vexti lánveitinga sjóðsins. Breytingarnar fólu meðal annars í sér lækun á hámarksfjárhæð lánveitinga en það dugði ekki til og því tók stjórn þá ákvörðun að hætt skyldi að lána til endurfjármögnunar lána hjá öðrum lánveitendum. Endurfjármagnanir voru um 2/3 allra veittra lána.

Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að Frjálsi geti boðið sjóðfélögum lán til framtíðar og því er það brýnt verkefni að ná fram jafnvægi í þessum hluta af eignasafni sjóðsins.

Aukið vægi erlendra eigna

Þegar litið er fram á veginn blasa við stórbrotin verkefni sem kalla á árvekni og mikilvæga stefnumótun af hálfu stjórnar og sjóðfélaga. Í nýrri skýrslu um þróun lífeyriskerfisins er bent á að lífeyrissjóðir eigi um



þriðjung af heildarfjármunum á Íslandi og líklegt að eignarhlutur sjóðanna aukist á næstu árum. Sérstakt áhyggjuefni er hversu einsleitar eignir þeirra eru þar sem erlendar eignir eru aðeins tæplega fjórðungur. Afar mikilvægt er talið að sjóðirnir auki vægi erlendra eigna á næstu árum og dragi þar með úr umsvifum sínum hérlendis.

Frjálsi hefur þegar tekið skref í átt að auknu vægi erlendra eigna með nýrri fjárfestingarstefnu og hreyfingu á eignasafni. Sú vegferð mun halda áfram á næstu árum. Og á fleira er að líta. Vegna hlutfallslegrar stærðar lífeyrissjóðanna og mögulegra áhrifa þeirra í stjórnnum og rekstri fyrirtækja, og á verð og þjónustu til neytenda í landinu, eru nú gerðar æ ríkari kröfur til stjórnenda sjóðanna um að þeir tryggi góða stjórnarhætti í fyrirtækjum sem sjóðirnir eiga virkan eignarhlut í. Um leið eru stjórnarhættir í lífeyrissjóðunum sjálfum og upplýsingagjöf þeirra til sjóðfélaga og almennings undir smásjánni. Þetta er af hinu góða og fullkomlega eðlilegt í ljósi aðstæðna.

Fjárfestinga- og hluthafastefna

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur nýverið samþykkt hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem segja má að sé í góðu samræmi við þessi nýju viðhorf. Stefnurnar hafa verið gerðar aðgengilegar á vef sjóðsins og hvet ég sjóðfélaga til að kynna sér þær vel enda er hér um að ræða áttavita fyrir stefnu stjórnar á næstu árum.

Markmiðið er að skilgreina þær kröfur sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í með tilliti til umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna. Í stefnunum er að finna skilgreiningar á því hvernig og hvar sjóðurinn hyggst beita rétti sínum sem hluthafi til að hafa áhrif á stjórnun og stefnu félaga þar sem hann er hluthafi. Með þeim hætti stuðlar sjóðurinn að auknu gagnsæi og trúverðugri aðkomu sinni að umræddum félögum. Þannig gefur sjóðurinn til kynna hvers sjóðurinn væntir af félögum og hvers þau megi vænta af sjóðnum sem hluthafa.

Ný stjórnskipan Frjálsa

Það er ekkert áhlaupaverk að vera stjórnarmaður í stórum lífeyrissjóði. Innan stjórnar þarf að vera fyrir hendi þekking, reynsla og fjölbreyttur bakgrunnur. Það er líka lærdómsferli að taka þátt í stjórnarstörfum og æskilegt að stjórnarmönnum gefist færi á að taka þátt í þeim um nokkurt skeið. Fjölbreytni skiptir miklu og þar sem ég er sjálfur lögfræðingur get ég sagt hreinskilningslega að ég vildi ekki hafa setið í stjórn þar sem væru eintómir lögfræðingar.

Breytt stjórnskipan Frjálsa hefur verið í deiglu um nokkurra ára skeið og talsvert rædd um skipanina á stjórnar- og ársfundum. Nú liggur fyrir þessum ársfundi einróma tillaga stjórnar þar sem gert er ráð fyrir að allir stjórnarmenn verði kjörnir á ársfundi sjóðsins til þriggja ára í senn. Valnefnd mun samkvæmt



tillögumni huga að hæfni og lagalegum kröfum og gera tillögu um stjórnarmenn en sjóðfélagar geta engu að síður boðið sig fram til stjórnarsetu á ársfundi. Það er von okkar í stjórninni að tillagan fullnægi óskum um aukið lýðræði sjóðfélaga og sem mesta breidd í bakgrunni stjórnarmanna og þörf á að viðhalda þekkingu og reynslu í stjórninni.

Sjóðurinn hefur í öll sín fjörutíu ár útvistað rekstri sínum til fjármálafyrirtækja og aldrei verið með eigin starfsmenn né húsnæði. Frá 2008 hefur reksturinn verið í höndum Arion banka og jafnlengi hefur meirihluti stjórnarmanna verið kjörinn á ársfundi sjóðsins. Verði tillaga stjórnar samþykkt munu allir stjórnarmenn verða kjörnir af sjóðfélögum sjálfum. Þá er rétt að halda því til haga að hjá almennu lífeyrissjóðunum á samningssviði aðila vinnumarkaðarins hafa sjóðfélagar ekki enn rétt til að kjósa í stjórnir lífeyrissjóða.

Það var byltingarkennd hugmynd árið 1978 að eigendur lífeyrissparnaðar skyldu vera frjálsir með sinn sparnað. Í stað lögbvingunar eða aðildar að starfsstéttum geta sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum hvenær sem er ákveðið að greiða iðgjöld í annan sjóð og flutt séreign sína úr sjóðnum. Í þessari grunnreglu er frelsi sjóðfélaganna fólgið og hún hefur sem betur fer haft veruleg áhrif á þróun lífeyrissjóðakerfisins. Þetta frelsi sjóðfélaganna veitir bæði stjórn og rekstraraðila mikilvægt aðhald. Sjóðfélagar Frjálsa geta bæði greitt atkvæði með fótunum og með því að taka þátt í ákvörðunum á ársfundi. Hingað til hefur straumurinn legið til Frjálsa en ekki í öfuga átt.

Úttekt á útvistun reksturs

Spurningin um útvistun til rekstraraðila er fyrirkomulagsatriði og val. Það hefur verið mat stjórna til þessa að það hafi skipt máli fyrir velfarnað og árangur sjóðsins að eiga bakland í breiðum grunni þekkingar og fjölbreyttrar starfsemi innan fjármálastofnunar. Slíkt fyrirkomulag er ekkert einsdæmi. Það hefur gert sjóðnum kleyft að bregðast hratt og vel við síbreytilegum aðstæðum í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða og veitt sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu. Nauðsynlegt er að rekstrarfyrirkomulagið sé til endurskoðunar reglulega. Þannig endurnýjaði sjóðurinn samstarfssamning sinn við Arion banka á árinu 2012 í kjölfar úttektar KPMG á mögulegu rekstrarformi sjóðsins til frambúðar. Stjórn sjóðsins komst að þeirri niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga væri best borgið með því að halda áfram samstarfinu. Um það hefur verið rætt innan stjórnarinnar að tímabært sé að fram fari sambærileg úttekt á nýjan leik, ekki síst í ljósi þess að sjóðfélögum hefur fjölgað um helming á sl. sex árum og skráning Arion banka á hlutabréfamarkað stendur fyrir dyrum. Hvað sem líður þessum vangaveltum þá er það alveg skýrt af hálfu stjórnarmanna að stjórn sjóðsins hefur aldrei og mun aldrei láta rekstraraðila, hver sem hann er á hverjum tíma, hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru af hennar hálfu.



Nýtt starf áhættustjóra

Þann 1. júlí 2017 tóku gildi breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem m.a. fela í sér auknar kröfur um áhættustýringu lífeyrissjóða. Þótti það nauðsynlegt t.a.m. vegna aukinna krafna sem tengjast áhættustýringu á aðra eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði, vegna stærðar sjóðanna og aukinnar þátttöku og áhrifa þeirra á fjármálamarkaði. Í lögnum er nú mælt fyrir um að lífeyrissjóður skuli tilnefna starfsmann til að bera ábyrgð á áhættustýringu hans og að þeim starfsmanni verði hvorki sagt upp né hann færður til í starfi nema að fengnu samþykki stjórnar sjóðsins. Áhættustjóri tekur einnig þátt í að móta áhættueftirlit sjóðsins.

Hjá lífeyrissjóðum með eigin rekstur heyrir áhættustjóri beint undir framkvæmdastjóra. Við teljum sjálfstæði og óhæði áhættustjóra vel tryggt með því fyrirkomulagi sem er hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum því hann sinnir starfinu á áhættustýringasviði bankans en ekki innan Eignastýringar. Einn af kostunum við núverandi fyrirkomulag er að kostnaði er deilt á fleiri lífeyrissjóði í rekstri bankans. Útvistun á hlutverki áhættustjóra er í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi um áhættustýringu þar sem er kveðið á um heimildir til að útvista áhættustjórahlutverkinu og hefur Fjármálaeftirlitið verið upplýst um það. Það hefur þó verið rætt í stjórn að meta kosti og galla á mismunandi fyrirkomulagi um hlutverk áhættustjóra og ég geri ráð fyrir að sú umræða haldi áfram innan stjórnar sjóðsins.

Í umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda ársfundar hefur verið fjallað um þá staðreynd að framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður rekstraraðila. Sjóðurinn hefur í 40 ára sögu aldrei haft eigin starfsmenn og fimm aðrir lífeyrissjóðir eru með eins fyrirkomulag á útvistun, þ.m.t. framkvæmdastjórn. Rekstraraðili tilnefnir framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn en ráðning hans og uppsögn er háð samþykki stjórnar sem setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri Frjálsa hefur eingöngu skyldur gagnvart sjóðnum því hann sinnir engu öðru starfi hjá rekstraraðila. Til að skerpa á sjálfstæði framkvæmdastjóra þá eru ákvæði í rekstrarsamningi Frjálsa og Arion banka þess efnis að framkvæmdastjóri skuli vera sjálfstæður í sínum störfum og taki ekki við fyrirmælum frá yfirmönnum eða samstarfsmönnum hjá Arion banka að því er varðar málefni lífeyrissjóðsins. Loks er rétt að nefna að framkvæmdastjórinn tekur ekki fjárfestingarákvarðanir fyrir sjóðinn heldur er það verkefni Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka eða stjórnar sjóðsins eftir eðli fjárfestinga.

Samþykktir Frjálsa

Fyrir fundinum liggur tillaga frá sjóðfélaga um að nafn Arion banka sem rekstraraðila sjóðsins verði tekið út úr samþykktum. Tillagan breytir ekki því að rekstrarsamningurinn við Arion banka heldur gildi sínu. Ég



tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram innan stjórnar að þetta sé á margan hátt eðlilegt. Hins vegar þarf að hafa í huga að ástæða að heiti rekstraraðilans er í samþykktunum er sú, að með því var verið að tryggja að sjóðfélagar kæmu á ársfundi að þeirri mikilvægu ákvörðun að ráða rekstraraðila. Að mínum dómi er um svo stóra ákvörðun að ræða að ekki er verjandi að stjórnin ein ráði henni til lykta. Stjórn sjóðsins leggur því til undir öðrum málum á þessum ársfundi að henni verði falið að koma með breytingartillögur á ákvæðinu á næsta ársfundi. Hún feli í sér að nafn Arion banka verði tekið úr samþykktunum. Jafnframt verði tillaga stjórnar um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eða vali á rekstraraðila lögð fyrir ársfund og þurfi samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða líkt og gildir um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Tímarnir breytast og ör þróun er í alþjóðlegu fjármálaumhverfi, lagasetningu á því sviði hér innanlands og áherslum í fjármálaeftirliti. Verkefni stjórnar á hverjum tíma er að laga regluverk sjóðsins að slíkum breytingum. Það kann að vera ástæða til þess að fara yfir samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins í heild með gagnrýnum hætti og færa nokkur atriði til betri vegar. Þannig hefur til að mynda verið á það bent að auðvelda ætti sjóðfélögum að gera kröfur til þess að kalla saman aukafund í sjóðnum til þess að ræða brýn mál. Jafnframt hefur verið umræða um rafræna kosningu til stjórnar sjóðsins. Verkefni stjórnar á næstu misserum verður að fara betur yfir þessar hugmyndir.

60% fjárfestingahugmynda hafnað

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur gegnum tíðina þótt eftirsóttur meðfjárfestir í fjárfestingarverkefnum sökum vandaðra vinnubragða og hversu vel hefur verið staðið að því að gæta hagsmuna sjóðsins.

Á borð stjórnar rata reglulega hugmyndir að fjárfestingum sem flokkaðar eru af hálfu hennar sem meiri háttar eða óvenjulegar. Slíkar fjárfestingar hefur stjórn skilgreint með þeim hætti að fyrirfram þurfi að liggja fyrir samþykki hennar áður en af fjárfestingu verður og/eða fjárfestingaloforð er gefið. Hér getur verið um að ræða óskráðar eignir, eignir sem ekki hafa innlausnarskyldu, eignir sem bera með sér minni seljanleika eða tilvik þar sem fjárfesting getur falið í sér möguleika á hagsmunaárekstrum. Í slíkum fjárfestingum hefur stjórn ætíð lagt áherslu á að fjárfesta lágu hlutfalli af heildareignum í hverju verkefni til að dreifa áhættunni sem fylgir slíkum fjárfestingum.

Frá efnahagshruninu 2008 hafa 102 slíkar hugmyndir frá fjölda sjóðastýringarfyrirtækja og öðrum aðilum verið kynntar fyrir stjórn. Þar af hefur stjórn ákveðið eftir ítarlega kynningu og skoðun að samþykkja fjárfestingu í um 40% tilvika. Það þýðir að um 60% hugmyndanna er vísað frá.

Á heildina litið hafa all flestar þessar fjárfestingar gengið framúrskarandi vel og skilað sjóðnum góðri ávöxtun. Hér má nefna fjárfestingar líkt og innlenda framtaks- og fasteignasjóði, fjárfestingu í Reitum og Sjóvá fyrir útboð, HS veitur og aðra sérhæfðari sjóði og afurðir.

Eftir skoðun, greiningu og ítarlegt matsferli hafnaði stjórnin á hinn bóginn fjárfestingu í forútboði núverandi rekstraraðila sjóðsins, Arion banka, á síðastliðnu ári.

Í dreifðu eignasafni er nauðsynlegt að horfa á heildamyndina, eða ávöxtun heildarsafnsins til lengri tíma. Rétt er að taka fram að áhættulausar fjárfestingar eru ekki til. Ætti fjárfesting að vera áhættulaus þyrfti hún að vera ríkistryggð hjá ríki sem ógerlegt væri að færi í greiðsluþrot, með stöðugt daglegt gildi, með verðbólguvernd og vera laus við alla skatta. Það er ekki í boði og sé tekin áhætta og seilst eftir „hunangi“ er ekki hægt að útiloka stungu í handlegginn. Fjárfesting Frjálsa og fjögurra annarra lífeyrissjóða í United Silicon er dæmi um fjárfestingu sem fór úrskeiðis.

Úttekt á United Silicon

Á árinu 2014 var þátttaka í þremur kísilsmálsverkefnum til skoðunar. Þau fengu nákvæmlega sömu meðhöndlun í stjórn og önnur meiriháttar eða óvenjuleg fjárfestingarverkefni. Að loknu greiningarferli og ítarlegri skoðun var tekin sú ákvörðun að fjárfesta í tveimur verkefnum af þremur. Það hefur gleymst í umræðunni að auk United Silicon verkefnisins fjárfesti Frjálsi upphaflega fyrir heldur hærri fjárhæð í verkefni PCC á Bakka ásamt fjölda annarra lífeyrissjóða.

Þrátt fyrir aðkeypta ráðgjöf erlendra og innlendra sérfræðifyrirtækja til að tryggja að rétt væri að hlutunum staðið komu upp áður ófyrirséð vandamál, auk dómsmála sem féllu fyrirtækinu í óhag. Þetta leiddi af sér greiðslustöðvun félagsins í september 2017. Við það tilefni greip sjóðurinn til 90% varúðarniðurfærslu á fjárfestingunni. Við greiðslustöðvun félagsins í september 2017 færði sjóðurinn fjárfestinguna að fullu niður.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins var afar ósátt við þróun mála á síðari hluta árs 2017 og þegar niðurfærslan lá fyrir vildi stjórn sjóðsins fela óháðum utanaðkomandi lögmanni að gera ítarlega úttekt á málinu. Í því myndi meðal annars felast að allar þær upplýsingar sem ákvörðunin um fjárfestinguna var byggð á væru teknar út og metið hvort á einhverjum stað í ferlinu hefði verið um saknæmt og ólöglegt athæfi að ræða hjá þeim aðilum sem tengdust United Silicon, þeim sem kynntu fjárfestinguna, opinberum stofnunum og þeim ábyrgðaraðilum áreiðanleikakannanna og endurskoðenda sem hlut áttu að máli.

Lífeyrissjóðirnir fimm sem fjárfestu í United Silicon ákváðu að leita í sameiningu til óháðrar lögmannsstofu, LMB Mandat. Lögmaðurinn Stefán Á. Auðólfsson tók að sér að gera úttektina í nokkrum áföngum til að fá úr því skorið hvort og til hvaða aðgerða sjóðirnir gætu gripið til að verja hagsmuni sjóðfélaga. Verkefnið var skilgreint mjög vítt í verksamningi lífeyrissjóðanna við lögfræðistofuna og henni falið að velta við hverjum steini með mögulega bótaskyldu í huga. Meðal annars að leggja mat á hvort brestir hafi verið í upplýsingagjöfni, sem afhent var eða kynnt fjárfestum sem fjárfestu í United Silicon, sem gefi tilefni til nánari skoðunar eða feli í sér mögulega bótaskyldu eða refsiverða háttsemi af hálfu þeirra sem þar komu að máli. Fyrir fundinum liggur fyrir tillaga sem er í fundargögnum ykkar þess efnis að metið verði hvort ráðgjöf Arion banka til lífeyrissjóðsins um fjárfestingu í United Silicon verkefninu kunni að vera saknæm og ólögmæt. Eins og áður sagði þá hefur slíkt mat nú þegar farið fram og mun Stefán hér á eftir gera grein fyrir úttekt sinni. Stjórnin styður því ekki tillögu um að slíkt mat fari fram að nýju með tilheyrandi kostnaði fyrir sjóðinn.

Eftir niðurstöðu fyrsta áfanga mátu stjórnir sjóðanna til hvaða aðgerða þeir gætu gripið til að verja hagsmuni sjóðfélaga. Í samræmi við niðurstöðu LMB Mandat ákváðu lífeyrissjóðirnir fimm að leggja fram kæru á hendur fyrrum framkvæmdarstjóra og stjórnarmanni United Silicon, Magnúsi Garðarssyni og óska eftir lögreglurannsókn héraðssaksóknara um möguleg refsiverð brot hans og eftir atvikum annarra stjórnenda, stjórnarmanna og starfsmanna United Silicon.

Sjóðirnir ákváðu síðan að fela lögfræðistofunni að kanna ábyrgð framkvæmdaraðila áreiðanleikakannanna, endurskoðenda og ekki síst ábyrgð hins opinbera eftir mat á nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar á aðkomu ríkisins hvað fjárfestingarsamninga, umhverfismat, veitingu starfsleyfis og eftirlits varðar. Þessari vinnu er ekki lokið og því nauðsynlegt að sýna biðlund þar til öll kurl eru komin til grafar.

Þegar menn velta fyrir sér hversu hrapalega fór með fjárfestinguna í United Silicon þá er ekki úr vegi að horfa á reynsluna af stóriðjuverkefnum á Íslandi. Deilur hafa vissulega risið um verkefni gegnum tíðina en samningar og skuldbindingar hafa staðist. Þess vegna er United Silicon næsta einstakt í sinni röð. Á það hefur verið bent að grafast hefði mátt fyrir um viðskiptasögu þeirra sem stóðu að United Silicon. Það er þó ekkert einhlítt viðmið enda var verið að fjalla um félag sem á pappírnum naut trausts alþjóðlegra viðskiptaaðila og hafði leyfi, vottorð og fjölda ívilnana frá opinberum aðilum. Stjórn Frjálsa telur mikilvægt að aðkoma allra þeirra aðila og stofnana sem treyst var á í þessu ferli sé rýnd sérstaklega. Stóðu þeir fyllilega undir skyldum sína og ábyrgðum sem óháðir matsaðilar og leyfisveitendur?



Athugun FME

Í ágúst 2017 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um fjárfestingaákvörðanir Frjálsa lífeyrissjóðsins til að kanna hvort fjárfesting sjóðsins í United Silicon samræmdist lögum og reglum. Í því fólst meðal annars afhending á öllum gögnum tengdum fjárfestingunni, upplýsingum um uppruna gagna og fundargerðum stjórnar sjóðsins, hvernig og af hverjum fjárfestingin var kynnt og hvernig ákvörðunartöku væri háttáð hjá sjóðnum. Einnig var óskað upplýsinga um hvernig eftirlit stjórnar væri með mögulegum hagsmunaárekstrum hjá núverandi rekstraraðila.

Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins var birt þann 10. apríl síðastliðinn. Hún var sú að sá hluti fjárfestingaferilsins sem snýr að mati á orðsporsáhættu og skjalfestingu á forsendum og umræðum í tengslum við ákvörðanir stjórnar hafi ekki verið eðlilegur og heilbrigður. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins telur að í reynd hafi ekki skort á gagnrýna umræðu innan stjórnar í fjárfestingarferlinu. Stjórnin gerir hins vegar ekki ágreining við FME um að hún hefði mátt taka meira tillit til þeirrar orðsporsáhættu sem fjárfestingunni var samfara og að auki til þess að ritun fundargerða stjórnarfunda hefði mátt fanga betur umræður stjórnarfunda. Ekkert kom fram í þessari ítarlegu athugun FME að fjárfesting sjóðsins kynni að vera brot á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Hluti af þeirri tillögu sem ég nefndi áðan að lægi fyrir fundinum er að mat fari fram á hvort fjárfesting lífeyrissjóðsins í United Silicon verkefninu samræmist lögum og reglum um forsvaranlega meðferð á fjármunum sjóðsins. Stjórn sjóðsins telur óþarft að sjóðurinn ráðstafi frekara fé í slíka rannsókn eftir þá gríðarlegu umfangsmiklu athugun sem FME gerði á fjárfestingunni. Auk þess kölluðu lífeyrissjóðir eftir minnisblaði frá lögmannsstofunni Advel til frekari könnunar á lögmati fjárfestingarinnar. FME hefði að sjálfsögðu vísað málinu til saksóknara ef fjárfestingin hefði ekki verið í samræmi við lög og reglur um forsvaranlega meðferð fjármuna sjóðsins

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur þegar brugðist við niðurstöðum athugunar Fjármálaeftirlitsins með viðeigandi úrbótum á fjárfestingaferli í takt við kröfur um gagnsæi og ásýnd, sér í lagi hvað varðar orðsporsáhættu.

Til viðbótar þessu má nefna að stjórn fær mánaðarlegar skýrslur sem lagðar eru fyrir og yfirfarnar á stjórnarfundum um það hvert hlutfall, kaup eða sala í afurðum útgefnum eða aðilum tengdum rekstraraðila er að ræða. Mánaðarlega er einnig lögð fyrir skýrsla sem sýnir yfirlit um viðskipti við verðbréfamiðlanir sem rekstraraðili skiptir við.

Stjórnin hefur einnig breytt starfsreglum sínum í kjölfar athugasemda Fjármálaeftirlitsins þannig að fundargerðir stjórnarfunda veiti gleggri heildarsýn en áður á umræður stjórnar.



Frjálsi lífeyrissjóðurinn fjárfesti alls fyrir 1.139 milljónir króna á árunum 2015 til 2017 í United Silicon, rúmlega hálfu prósentu af eignum sjóðsins. Það fé er tæpað. Áhættuminnsta fjárfestingarleiðin, Frjálsi 3, fjárfesti ekki í verkefninu. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins þykir sannarlega miður að áætlanir lífeyrissjóðanna sem fjárfestu í United Silicon hafi ekki gengið eftir og hefur harmað þau óþægindi sem málið hefur valdið sjóðfélögum og íbúum á Reykjanesi.

Stjórnin taldi mikilvægt að fara yfir fjárfestingarferlið og niðurstöðu lögfræðialits um stöðu sjóðanna gagnvart fjárfestingunni til að meta hvaða lærdóm draga mætti af fjárfestingunni horft til framtíðar. Hún hefur lýst yfir þeim vilja sínum að leggja enn frekari áherslu á vandaða stjórnarhætti, orðspor og hæfni þeirra sem að fjárfestingarverkefnum standa og þeirra sem hafa aðkomu að þeim á einhvern hátt.

Ég hef kosið að fara yfir þátt stjórnar í United Silicon málinu nokkuð ítarlega, enda hefur það verkefni reynst okkur öllum erfið glíma og fengið mikla umfjöllun. Hér á eftir undir þessum dagskrárlið mun verða fjallað sérstaklega um lögfræðilegu úttektina, sem ég hef minnst á, og fjárfestingarferlið í United Silicon.

Eins og heyra má af skýrslu minni nú var árið 2017 viðburðaríkt og verkefni fjölbreytt sem komu á borð stjórnar. Samtals hélt stjórn 18 fundi á árinu sem leið.

Frændur okkar Færeyingar hafa að orðtæki: „Það kemur alltaf nógur tími!“. Á mælikvarða eilífðarinnar er það sannarlega satt, en á kvarða einstaklingsins er tíminn afmarkaður. Og þannig er um minn tíma sem formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ég tilkynnti á ársfundi frjálsa fyrir tveimur árum að þetta kjörtímabil sem nú er að líða yrði mitt síðasta. Sextán ár eru langur tími og margs er að minnast. Þó stendur upp úr að sjóðurinn hefur á þessu tímabili notið einstakrar velgengni. Ég þakka fyrir mig og hef notið þess að fá að taka þátt í góðri uppbyggingu Frjálsa og ágætum árangri.

Þegar ég kveð á þessum vettvangi er mér efst í huga þakklæti til allra sem ég hef unnið með í stjórninni og til þess starfsfólks sem sinnt hefur málefnum Frjálsa hjá Arion banka af mikilli kostgæfni. Ég þakka líka sjóðfélögum sem hafa sýnt mér það traust að kjósa mig frá 2008 í stjórn sjóðsins. Ég er þess fullviss að stjórn Frjálsa mun halda merki sjóðsins hátt á lofti framvegis sem hingað til og hvergi hvika í vönduðum vinnubrögðum og ítarlegum gagnrýnum skoðunum. Ég tel að stjórnin geti verið stolt af sínum störfum og góðum árangri gegnum árin. Einkum og sér í lagi var það mikil gæfa að komast farsælllega út úr efnahagshruninu 2008 ásamt því að eiga þátt í uppbyggingunni í kjölfar hennar.

United Silicon – ferill fjárfestingar

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta gerði grein fyrir fjárfestingu Frjálsa lífeyrissjóðsins í United Silicon. Hjörleifur sagði að nokkur verkefni tengt framleiðslu á kísilmálm í Íslandi hefðu verið tekin til skoðunar og upphafleg skoðun á fjárfestingunni í United Silicon hefði verið á árinu 2014. Ákveðið hafi verið eftir ítarlegt skoðunarferli að fjárfesta í tveimur verkefnum. Í tilviki United Silicon gáfu forsendur verkefnis til kynna að um arðsamantækifæri væri að ræða, erlent tekjustreymi, mikil eftirspurn eftir kísilmálm, tækni þekkt, fyrirliggjandi leyfi og lykilsamningar, fyrir um 80% af framleiðslu voru til staðar. Sátt var um fjárfestinguna og stækkunarmöguleikar voru á verksmiðjunni sem átti að auka arðsemi. Auk Frjálsa voru fjórir lífeyrissjóðir með í fjárfestingunni og ráðin var óháð lögfræðistofa, Advel Lögmenntil að gæta hagsmuna fjárfesta. Upphafleg fjárfesting í United Silicon var litið á sem ígildi hlutabréfs, eða EUR skuldabréf með breytirétti í hlutafé. Fyrir lá að SÍ hafði veitt undanþáguheimild frá gjaldeyrislögum um fjárfestingu í eign í erlendri mynt fyrir krónur svo og endurfjárfestingu. Eðli fjárfestingar þótti jákvætt á tímum gjaldeyrishafta. Skuldabréfið bar 10% vexti í EUR en til samanburðar voru áhættulausir vextir í EUR á sama tíma 1% en þau kjör sýndu sem var að áhætta fælist í verkefninu.

Hjörleifur fór yfir hvaða upplýsingar lágu fyrir fyrir ákvörðunartöku. Umhverfismat, raforkusamningar, flutningasamningur við Landsnet, undanþáguheimild frá SÍ, lánsfjármögnun var tryggð, fjárfestingasamningar/ívilnar við íslenska ríkið, hafnarsamningar við Reykjaneshöfn svo og leyfisveitingarsamningar við Reykjanesbæ. Einnig fór hann yfir hluthafahópinn sem í var meðal annars einn stærsti innflytjandi Kísils í Evrópu (Fondel). Hjörleifur fór yfir kostnaðarmat þar sem kom m.a. fram að ljóst var að verkefnið var ekki áhættulaust. Í mati á kostnaði var meðal annars stuðst við mat erlendra fagaðila um framleiðslukostnað (CRU). Ennfremur var leitað til Verkís til að framkvæma óháð verkfræðiálit á kostnaðaráætlun verkefnisins og þar var niðurstaðan að hvorki væri um að ræða teljanleg frávík á kostnaðaráætlun né stofnkostnaði.

Hjörleifur fór yfir fjárfestingarferlið á árunum 2015, 2016 og 2017. Heildarfjárfestingin nam um 1.139 milljónum kr. á tímabilinu. Áhættuminnsta leið lífeyrissjóðsins, Frjálsi 3 tók ekki þátt. Fjárfestingin var við greiðslustöðvun færð niður um 90%. Fjárfestingin var að fullu færð niður í september 2017 þegar að rökstuddur grunur kom fram um umtalsverð fjársvik og blekkingar fyrrverandi forstjóra félagsins. Hjörleifur sagði að neikvæð áhrif á ávöxtun ársins 2017 væru um 0,48% - 0,66%. Stjórn Frjálsa var ósátt við málalýktir og lífeyrissjóðahópurinn réð í sameiningu óháða lögfræðistofu LMB Mandat til að gera ítarlega úttekt á stöðu sjóðanna varðandi United Silicon. Lífeyrissjóðahópurinn óskaði eftir að fá afhenta skýrslu um stöðu verksmiðjunnar til að fá greinagóða mynd af því hvað þyrfti til, til að koma verksmiðjunni



í starfsemi og þær skýrslur voru unnar af KPMG (fjárhagsleg staða), Lex (lögfræðileg úttekt) og Multiconsult (verkfræðileg skýrsla).

Lögfræðileg skoðun

Stefán Árni Auðólfsson kynnti skoðun LMB Mandat á United Silicon verkefninu. Stefán sagði að LMB Mandat hefði skoðað stöðu lífeyrissjóðanna sem tóku þátt í fjármögnun á United Silicon í Helguvík með tilliti til réttar þeirra, farið yfir gögn og upplýsingar sem afhent voru og lagt mat á hvort brestir hafi verið á upplýsingagjöf, sem gæfi tilefni til nánari skoðunar eða fæli í sér mögulega bótaskyldu eða refsiverða háttsemi af hálfu þeirra sem þar komu að máli. Stefán fór yfir lagagrundvöll og nálgun að verkefninu. Farið var yfir málavexti frá árinu 2014 til 2018. Stefán sagði að, skort hafi á aðskilnað starfa, of viðtækt umboð var hjá stjórnendum og tilhæfulausir reikningar lágu fyrir. Niðurstaðan á skoðuninni var að verulegir brestir voru á því hvernig verkefninu var stýrt. Því var lagt til að fylgja kæru félagsins eftir með kæru fjárfesta um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og eftir atvikum sér refsilögum. Til athugunar var samningur United Silicon við Tenova Minerals Ltd og grunur væri um misnotkun á fjárfestingarleið Sí. Einnig væri til athugunar tilhæfulausir reikningar og úttekt af bankareikningi Geysis Capital ehf. Stefán sagði að skoðuð hafi verið aðkoma þeirra sem veittu fjárfestunum ráðgjöf í fjárfestingarferlinu, aðkoma Arion banka var mikil og var vel skoðuð út frá því. Skoðaðar voru skyldur bankans gagnvart fjárfestum sem aðallánveitandi til verkefnisins og tengsl Arion við suma lífeyrissjóðina. Stefán sagði að mat út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum væri að ekki lægi fyrir refsiverð eða skaðabótaskyld brot gagnvart fjárfestunum af hálfu bankans þrátt fyrir ríkar skyldur hans vegna tiltekinna þátta, eins og stöðu hans sem milliliðs við fjármögnun verkefnisins. Skoðuð var aðkoma og ráðgjöf sérfræðinga. Skoðun sýndi að áætlanir stóðust ekki og virðist sem verulega hafi vantað upp á að tekið væri tillit til ýmissa þátta. Þá var ekki annað séð en að verulega hafi skort á aðskilnað starfa og góða bókhaldsreglu. Stefán fór yfir ábyrgð opinberra aðila eins og starfsleyfi, umhverfismat, byggingarleyfi og framkvæmd. Stefán sagði að erfitt væri að sjá að opinberir aðilar hefðu valdið félaginu eða fjárfestum bótaskyldu tjóni með athöfnum eða athafnaleysi. Stefán fór yfir þær aðgerðir sem gerðar hefðu verið, kæra var send héraðssaksóknara á hendur fyrrum framkvæmdastjóra, kröfum var lýst í gjaldþrotameðferð United Silicon, afstöðubríf var send sérfræðingum, krafist yrði gjaldþrots á Kísil III og kröfum í þrotabú yrði fylgt eftir. Stefán sagði að FME hefði sett út á ýmsa þætti þó ekki væru tiltekin ákveðin eða alvarleg brot á lögum. Ríkisendurskoðun sagði að verulega hefði skort upp á gaumgæfni og bent á mögulegar breytingar á ferlum. Könnunarskýrslur sem unnar voru fyrir félagið í greiðslustöðvun hefðu orðið grunnur að kæru félagsins og væru nýtt áfram hjá



félaginu. Stefán sagði að lokum að rík ábyrgð og miklar kröfur væru gerðar til allra sem að verkefninu höfðu komið. Kætur vegna mögulegrar saknæmrar háttsemi lægju fyrir. Mögulega myndi rannsókn beinast að störfum annarra en framkvæmdastjóra. Skaðabótaábyrgð forsvarsmanna verkefnisins, bæði vegna athafna og athafnaleysis, gæti verið til staðar. Bæði skaðabóta- og refsíábyrgð takmarkist almennt við ákveðin atvik. Stefán sagði að lokum að ábyrgð ráðgjafa og sérfræðinga væru til skoðunar og að ábyrgð opinberra aðila væri mjög passív.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins kynnti ársreikning Frjálsa 2017. Hann fór yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning og helstu liði í skýringum.

Arnaldur fór yfir breytingar á hreinni eign, hann sagði að iðgjöld og flutningar á séreign sjóðfélaga hafi numið tæpum 17 milljörðum sem var tæplega 19% hækkun á milli ára. Lífeyrisgreiðslur voru um 3,8 milljarðar og hækkuðu um 3% á milli ára. Hreinar fjárfestingatekjur sjóðsins voru um 12,5 milljarðar og hækkuðu um 828% á milli ára sem skýrist af því að ávöxtun ársins 2016 var heldur lág en ávöxtunin í fyrra að sama skapi há. Rekstrarkostnaður var 381 milljón sem væri 3,5% hækkun á milli ára. Hækkun á hreinni eign sjóðsins nam 25 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var um 185 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 13,4% á árinu. Hrein eign í árslok var 210,5 milljarðar sem skiptist þannig að tæpir 147 milljarðar tilheyrðu séreignadeild og um 64 milljarðar tryggingadeild. Frjálsi 1 var langstærsta leiðin eða um 107 milljarðar, hún var sú leið sjóðsins sem sjóðfélagar greiddu í frá 1978 til 2002 en þá voru aðrar fjárfestingarleiðir stofnaðar í sjóðnum. Arnaldur sagði að að sjóðurinn væri í dag orðinn um 215 milljarðar að stærð og hefði því vaxið um 5 milljarða það sem af væri ári. Arnaldur fór yfir stækkun sjóðsins sl. 10 ár. Í lok 2008 var sjóðurinn um 68 milljarðar en væri nú um 215 milljarðar, hann hefði því stækkað um rúmlega 216%, eða þrefaldast sl. 10 ár. Hann sagði að á árinu 1999 hefði Frjálsi verið 1,5% af stærð lífeyriskerfisins en væri um 5,4% í lok ársins 2017. Sjóðurinn hefði stækkað hlutfallslega meira eða jafnt og lífeyriskerfið á hverju ári nema á árinu 2007. Arnaldur sagði að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefði stækkað um 13,5% á árinu 2017 og væri nú fimmti stærsti sjóður landsins.

Arnaldur fór nánar yfir sundurliðun á iðgjöldum. Iðgjöld sjóðfélaga námu 5,6 milljörðum og iðgjöld launagreiðenda 10,9 milljörðum eða samtals 16,5 milljarðar sem væri rúmlega 20% hækkun á milli ára. Skýringin var fyrst og fremst fleiri greiðendur sjóðfélaga en að meðaltali greiddu 18.307 sjóðfélagar í



sjóðinn á árinu samanborið við 16.633 árið 2016. Jafnframt var hækkun mótframlags hjá hluta sjóðfélaga og launahækkunir höfðu áhrif til hækkunar á iðgjöldum.

Í skýringum var iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda skipt í lágmarksiðgjöld, sem var 12% skylduiðgjald af launum, og svo viðbótariðgjöld. Lágmarksiðgjöldin hækkðu um 22,5% og voru 13,5 milljarðar og viðbótariðgjöldin hækkðu um 10,1% og voru 2,9 milljarðar. Arnaldur sýndi þróun iðgjalda sjóðfélaga og launagreiðanda frá árinu 2010 til 2017.

Því næst fór Arnaldur yfir sundurliðun á lífeyri. Lífeyrisgreiðslur voru um 2,9 milljarðar og hækkðu um 4,2% á milli ára. Heimild til að sækja um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði lauk á árinu 2014 og lauk þeim greiðslum á 1. ársfjórðungi 2016 og námu því eingöngu 7 milljónum 2016 og svo voru engar slíkar greiðslur árið 2017. Viðbótariðgjöldum sem var ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúnaðis námu 732 milljónum sem var örlítil lækkun milli ára. Samtals voru þessir liðir tæpir 3,8 milljarðar. Arnaldur fór yfir sundurliðun á lífeyri, ellilífeyrir var langstærsti liðurinn eða 2,1 milljarður. Örorkulífeyrir var 333 milljónir og annar lífeyrir 375 milljónir en þar væri um að ræða greiðslur á séreign til erfingja látinna sjóðfélaga og endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara sem flyttu af landi brott. Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru tæpir 12,5 milljarðar í samanburði við 1,3 milljarða árið 2016 sem skýrist af því að ávöxtun sjóðsins var lág árið 2016 vegna óhagstæðrar þróunar á verðbréfamörkuðum. Arnaldur fór nánar yfir sundurliðun á fjárfestingargjöldum og rekstrarkostnaði. Hann sagði, þar sem nær öllum rekstri sjóðsins væri úthýst til Arion banka þá væri stærsti kostnaðarliðurinn umsýslubóknun sjóðsins til Arion banka en honum væri skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar. Umsýslubóknun var 528,6 milljón sem var 0,27% af meðalstöðu sjóðsins, vörslubóknun var 53,7 milljónir, fjárfestingargjöld 8,6 milljónir og annar rekstrarkostnaður 63,6 milljónir. Arnaldur fór nánar yfir sundurliðun á fjárfestingargjöldum og rekstrarkostnaði.

Arnaldur nefndi að það hefði verið mun meiri aukning á skuldabréfum á árinu heldur en eignarhlutum í félögum og sjóðum, sem skýrðist af því að staða sjóðfélagalána jókst um 12 milljarða á milli ára, þ.e. af 19 milljarða aukningu skuldabréfa væru 12 milljarðar sjóðfélagalán, en gríðarleg eftirspurn var eftir lánum á árinu.

Arnaldur fór yfir fjölda sjóðfélaga eftir leiðum. Fjöldi sjóðfélaga sem á inneign eða réttindi í árslok var um 56.500 og fjölgaði um 2.641 á milli ára. Langflestir sjóðfélagar áttu inneign í Frjálsa 1 eða um 46.000 og svipaður fjöldi áttu réttindi í tryggingadeild sjóðsins.



Að lokum sagði Arnaldur frá viðtækri þjónustu við sjóðfélaga og launagreiðendur. Útgreiðsluráðgjöf og önnur lífeyrissjóðgjöf færi fram í höfuðstöðvum bankans, Borgartúni 19. Kynning á Frjálsa lífeyrissjóðnum færi fram í öllum útibúum Arion banka um land allt, ásamt grunnþjónustu. Reglulega væru haldnir fræðslufundir um útgreiðslur víðsvegar um landið. Hagstæð lífeyrissjóðslán til fasteignakaupa væru veitt og þjónustuð hratt og örugglega. Einnig sagði Arnaldur frá rafrænum þjónustuleiðum sjóðsins.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringu fagfjárfesta fór yfir ávöxtun og eignasamsetningu Frjálsa lífeyrissjóðsins á árinu 2017. Hann fór yfir þróun markaða á árinu 2017. Raunávöxtun leiðanna var árinu 2017: Frjálsi Áhætta 4%, Frjálsi 1, 5%, Frjálsi 2,4%, Frjálsi 3,4,9% og tryggingadeildin var með 3% raunávöxtun (hluti skuldabréfa eru gerð upp á kaupkröfu, vísað í skýringu í ársreikningi). Hjörleifur sýndi ávöxtun leiðanna til langs tíma, meðalraunávöxtun Frjálsa 1 frá 1990 var 4,6%. Hjörleifur fór yfir samanburð á ávöxtun Frjálsa og samanburðarsjóða. Eignasamsetning Frjálsa var sýnd og gerð grein fyrir helstu breytingum, aukning hefði átt sér stað í erlendum eignum þ.e. í hlutabréfum og öðrum eignaflokkum . Að lokum fór Hjörleifur stuttlega yfir þróun markaða það sem af væri ári 2018 og ávöxtun leiðanna frá áramótum.

Umræður

Eftir kynningu Arnaldar og Hjörleifs var opnað fyrir umræður um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Stefán Sveinbjörnsson kom og kynnti sig. Hann sagðist vera 45 ára gamall og um aldarmótin valdi hann þennan lífeyrissjóð, eftir mikla greiningarvinnu. Það komu 3 sjóðir til greina.. Stefán byrjaði á að fara yfir kostnaðarhlutfall hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Stefán fór yfir skrifstofu og stjórnendakostnað, fjárfestingargjöld og umsýslubóknun utan rekstrar, en þar væri um að ræða áætluð fjárfestingargjöld sem myndast við fjárfestingar í sjóðum, fyrir árin 2015 til 2017. Stefán sagði að það kostaði jafn mikið að reka Frjálsa eins og það kostar að reka Kvennaskólann og Menntaskólann við Sund til samans. Hlutfall kostnaður af eignum væri 0,64% fyrir árið 2017, raunávöxtun í tryggingadeild í ár var 3% hjá Frjálsa og væri hún sú lægsta miðað við aðrar tryggingadeildir. Því næst fór hann yfir samanburð milli lífeyrissjóða á árinu 2017, á milli Frjálsa, Söfnunarsjóðsins, Almenna og Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hann bar saman heildarkostnað, eignir, hlutfall kostnaðar af eignum og raunávöxtun. Hann sagði Frjálsa vera með hæsta kostnaðarhlutfall þessara sjóða og lægstu ávöxtunina. Stefán fór jafnframt yfir samanburð sjóðanna fyrir árin 2015, 2016 og 2017. Hann spurði hvernig standi á því að það kosti svona mikið að reka 200 milljarða sjóð? Stefán sagði það hafa komið verulega á óvart hvað mikil vinna fór í að fara í gegnum þetta hjá



sjóðunum. Hann spurði hvers vegna væri ódýrara að reka Almenna en Frjálsa? Stefán sagðist hafa valið lakasta sjóðinn miðað við þessar tölur. Hann sagði að kostnaður við rekstur á Frjálsa lífeyrissjóðnum 2015-2017 hefði verið 3.816.185.000 kr. Kostnaður við rekstur á Almenna lífeyrissjóðnum 2015-2017 hefði verið 1.892.953.000 kr. Mismunur á rekstrarkostnaði á þremur árum væri 1.582.364.000. Sjóðirnir væru nánast jafn stórir, Frjálsi 210,5 milljarðar og Almenni 209 milljarðar. Ávöxtun hefði verið betri hjá Almenna lífeyrissjóðnum á síðustu þremur árum.

Vilhjálmur Egilsson sagðist hafa valið þennan sjóð snemma. Þá var hann séreignarsjóður og sér hefði liðið vel í þessum sjóði. Hann taldi að menn hefðu verið að gera sitt besta allan tímann. Hann gagnrýndi að sjóðurinn hefði keypt skuldabréf á 10% vöxtum í Evrum því það sýndi að þau væru of áhættumikil og efaðist um að reksturinn gæti borið svona háa vextir. Hann velti því upp hvort ekki væri betra að kaupa beint hlutabréf í félaginu.

Hróbjartur Jónatansson sagðist hafa skrifað bréf til sjóðsins og spurt hvernig staðið hefði verið að fjárfestingu sjóðsins í United Silicon. Hann sagðist hafa óskað eftir fundargerðum stjórnar en verið neitað því að stjórnarmenn væru bundnir þagnaskyldu. Hann sagði að Frjálsi hefði lánað félaginu Kísli III rúman hálfan milljarð en skv. ársreikningi félagsins var eigið fé þess neikvætt um 40 milljónir. Hann taldi ekki ásættanlegt að lána slíku félagi rúmlega hálfan milljarð króna.

Hannes Valgeirsson spurði hvers vegna sjóðurinn lánaði í raun og veru fé til United Silicon og hvort búið væri að gera ráð fyrir hækkun á lífeyrisaldri sem minnst var á á síðasta ársfundi.

Sigurður Kristinn Egilsson sagðist hafa greitt í sjóðinn í um 20 ár og að hann þekkti sjóðinn vel því hann hefði verið starfsmaður bankans og komið að stýringu hans en hefði enga aðkomu að sjóðnum núna. Sigurður sagði að yfirleitt hefðu bara verið góðar fréttir af Frjálsa lífeyrissjóðnum. Hann hefði t.d. komið mjög vel út úr hruninu. Hann sagði að honum hefði þótt umfjöllunin síðustu mánuði hafa verið mjög óvægin og ómálefnaleg. Hann sagði að fjárfesting sjóðsins í United Silicon væri innan allra heimilda. Hann sagði að ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa væri mjög lág, eða um 2%, og því þyrfti sjóðurinn að leita í aðrar fjárfestingar. Margar slíkar fjárfestingar hefðu skilað mjög góðri ávöxtun og ekki væri sanngjarnt að taka út eina sem gekk illa. Sigurður sagði það alvarlegt mál að saka starfsmenn eða stjórn um eitthvað saknæmt tengt fjárfestingunni því menn hefðu greinilega undirbúið fjárfestinguna vel með kostgæfnisathugunum. Það lægi nú fyrir lögfræðialit sem hefði verið kynnt, FME hefði kannað sérstaklega lögmæti þessarar fjárfestingar. FME gerði athugasemdir við að fundargerðir hefðu ekki verið í lagi og að sjóðurinn yrði að gæta að orðssporsáhættu. Hann sagði að gott væri að skoða rekstrarfyrirkomulagið en ekki ætt að draga



ályktanir út frá einni fjárfestingu. Það kæmu dagar í Kauphöllinni þar sem sjóðurinn lækki meira en sem næmi tapinu á United Silicon. Sigurður sagðist vilja spyrja þá sem væru í framboði, hvort þeir ætli ekki að taka þátt í fjárfestingum sem bankinn hefði aðkomu að. Og ný stjórn eftir 5 ár, þyrfti að gera sér grein fyrir að ef sjóðurinn ætti bara að fjárfesta í skuldabréfum með 2% vexti þá yrði sjóðurinn að skerða réttindi í tryggingadeildinni.

Hróbjartur Jónatansson sagði varðandi möguleika á saknæmi stjórnarmanna að það væru ný ákvæði laga um skynsemisreglu og með hliðsjón af þessari fjárfestingu væri ekkert ómálefnalegt við nefna möguleika á saknæmi. FME hefði þær skyldur að fylgjast með því að lífeyrissjóðurinn fjárfesti innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga en það væri annað mál, því að FME hefði ekkert kannað hvort um væri að ræða saknæmt athæfi.

Einar Þráinsson spurði hvers vegna fleiri sjóðir en Frjálsi hefðu tekið þátt í þessari fjárfestingu?

Guðfinnur Halldórsson sagði að það hefði verið hægt að fá bílasala til að segja okkur að þessi fjárfesting hefði verið ónýtt. Hann sagðist hafa verið sjóðfélagi í 20 ár og liðið mjög vel með það. Hann sagðist ekki ætla að láta trufla svefninn 3 ára samanburð og betra hefði verið að bera saman síðustu 20 árin.

Jón Guðbjörnsson sagðist hafa staðið upp á ársfundi 2011 og talað fyrir tillögu um stjórnarkjör og fyrirkomulag skipunar stjórnar, umræðan að undanförunu væri eins og að vakna við vandan draum. Hann sagði að sér hefði fundist óeðlilegt að bankinn skipaði í stjórnina en gagnrýnin hefði ekki verið persónuleg gagnvart stjórnarmönnum, heldur væru næg tengsl á milli bankans og sjóðsins. Á þeim ársfundi sagðist Jón hafa upplifað harkaleg viðbrögð við tillögu sinni frá bankanum en ekki stjórn sjóðsins. Hann sagðist ekki vera sáttur við tillögu um gr. 4.5 í samþykktum sjóðsins að bankinn skipi einn fulltrúa í einhverja valnefnd. Rétt væri að hafa óháðan aðila til að fara yfir hæfi þeirra sem vilja gefa kost á sér.

Elías Jónatansson, stjórnarmaður í Frjálsa sagðist telja að mjög vel hafi verið farið yfir hvernig fjárfestingarákvörðunin um United Silicon var tekin. Hann sagði að tillaga lægi fyrir fundinum að gera aðra úttekt á fjárfestingunni í United Silicon. Hann spurði hvort ástæða væri til þess eftir úttekt FME og þá sem Stefán kynnti og væri í vinnslu. Elías sagði að stjórn væri alltaf að vega og meta áhættur vs. ávöxtun við fjárfestingarákvörðun. Þessi fjárfesting hefði litið nægilega vel út en auðvelt væri að vera vitur eftir á. Stjórnarmenn ættu erfitt með að sjá fyrir hönnunargalla, t.d. á ofninum og fleira. Í ljósi þess að kostnaðurinn þótti tiltölulega lágur miðað við sambærileg verkefni, þá var verkfræðistofa fenginn til að meta hann fyrir sjóðinn og niðurstaðan var að hún var vanmetin um 2-4%. Elías vildi jafnframt vekja athygli á því að Umhverfisstofnun hefði gert mengunarmælingar sem hefði leitt í ljós há gildi en þær mælingar



reyndust svo ekki réttar. Elías sagði að FME hefði komist að því að sjóðurinn hefði ekki tekið nægjanlega tillit til orðsporsáhættu. Því fyndist honum mjög slæmt að sjóðfélagar væru að valda sjóðnum orðssporstjóni með neikvæðri umfjöllun.

Arnaldur framkvæmdastjóri sagði að hann þyrfti að fá að rýna í þær tölur sem að Stefán hefði kynnt til að geta svarað þeim en sagði að kostnaðarhlutfall Frjálsa hefði verið 0,03 prósentustigum hærra en hjá Almenna fyrir árið 2017. Áætluðu fjárfestingargjöldin sem myndast við fjárfestingar í sjóðum skýrði aðallega muninn á kostnaði sjóðanna í krónum. Hann gæti þó sagt að séreignarleiðir Frjálsa hefðu skilað hærri ávöxtun en Almenni hvort sem litið væri til 3, 5, 10 eða 15 ára. Arnaldur vildi árétta þó að tryggingadeild Frjálsa væri frábrugðin flestum öðrum samtryggingarlífeyrissjóðum að því leyti að hún væri með íhaldssamari fjárfestingarstefnu. Það væri vegna uppbyggingar sjóðsins þar sem skylduiðgjaldi væri ráðstafað í samtryggingu og séreign. Markmiðið með samtryggingadeildinni væri að viðhalda þeim réttindum sem sjóðfélagar hefðu fengið og því væri stefnan íhaldssöm. En sjóðfélagar gætu aftur á móti valið um áhættustig fyrir séreignarhlutann þar sem fjórar mismunandi fjárfestingarleiðir væru í boði. Arnaldur sagði jafnframt að stór hluti skuldabréfa tryggingardeildar væri gerður upp á kaupkröfu en lífeyrissjóðir væru með mismunandi uppgjörsaðferðir sem gerðir samanburð á ávöxtun tryggingadeilda erfiðan. Ef skuldabréf Frjálsa væru öll gerð upp á markaðsvirði eins og hjá sumum lífeyrissjóðum þá myndi bókfærð eign sjóðsins hækka um ca. 6% og ávöxtun sjóðsins hækka. Það væri þó ljóst að Söfnunarsjóðurinn hefði skilað góðri langtímaávöxtun og ættu stjórnendur sjóðsins hrós skilið fyrir það. Hann sagði að fleiri þættir en ávöxtun hafi áhrif á þann lífeyri sem sjóðfélagar í tryggingadeild fái fyrir iðgjöldin sín. Lýðfræðilegir þættir eins og kynsamsetning og örorkubyrði hefði einnig áhrif. Sjóðfélagasamsetning Frjálsa væri að þessu leyti mjög hagstæð og Frjálsi gæti veitt há réttindi fyrir iðgjöldin í samanburði við flesta aðra sjóði.

Arnaldur sagði að hugmyndum um hækkun lífeyrisaldurs tengdust því að meta ætti lífslíkur m.v. framtíðarspá en ekki m.v. söguleg gögn. Við það myndu lífeyrisskuldbindingar hækka og sem mótvægisáðgerð hefðu verið uppi hugmyndir um að hækka lífeyristökaldur. Vegna breytinga sem hafa átt sér stað hjá opinberum lífeyrissjóðum þá hefur þessum áðgerðum verið frestað um óákveðinn tíma.

Hjörleifur ræddi kostnað við notkun sjóða sem skýrði að stórum hluta muninn á kostnaðartölum sjóðanna sem Stefán kynnti. Hann sagði að notast væri fyrst og fremst við virka sjóði sem væru dýrari en vísitölusjóðir en hefðu skilað sjóðnum góðri langtímaávöxtun. Vísitölusjóðir væru þó einnig hluti af safni sjóðsins. Einnig nefndi hann að sjóðurinn hefði gegnum tíðina fjárfest í sjóðum um sértæk verkefni svo sem framtaks- og fasteignafjárfestingar, eðli slíkra sjóða væri oft á tíðum með þeim hætti að fyrstu árin



væru sjóðirnir í fjárfestingarferli, kostnaður kæmi til frá upphafi og dreifðist að jafnaði yfir líftíma fjárfestingarinnar en ábati skilaði sér svo að jafnaði á síðari hluta líftímans.

Hjörleifur sagði að ástæðan fyrir því að notast var upphaflega við skuldabréfaformið en ekki keypt beint hlutabréf í United Silicon hafi verið sú að undanþáguheimild SÍ var bundinn við skuldabréfaformið, ef fjárfest hefði verið beint í hlutabréfum hefði ekki verið heimild til að fá endurfjárfestanlegan gjaldeyri.

Varðandi spurninguna um hvers vegna var verið að lána þessu félagi sagði Hjörleifur að alltaf hefði legið ljóst fyrir að fjárfestingin á því formi sem fjárfest var í snérist um fjárfestingu í verksmiðju sem eftir átti að byggja en ekki fyrirtæki sem þegar væri í fullri framleiðslu. Einnig var fullljóst að forsendan fyrir því að greiðsluflæði bærisk frá fjárfestingunni var að verksmiðjan yrði byggð, að framleiðsla að nokkrum tíma liðnum kæmist í horf og sala á afurðum hennar kæmi til.

Varðandi fjölda lífeyrissjóða sem tóku þátt í verkefninu sagði Hjörleifur að fjórir aðrir lífeyrissjóðir hefðu tekið þátt í fjárfestingunni en hún var af þeirri af þeirri stærðargráðu að líklega þótti ekki ástæða að leita til fleiri aðila. Til samanburðar væri t.d. verkefnið um kísilverið á Bakka (PCC) um 10 milljarðar og þar væri fjárfestahópurinn stærri.

Guðfinnur spurði hvort ekki hefði verið ljóst fyrirfram að þetta lánsfé væri tapað og hvort við myndum ekki standa hér að ári því verksmiðja PCC væri þá farin í hundana líkt og United Silicon.

Hjörleifur sagði að vinnubrögðin af þeirri reynslu sem komin væru af framkvæmdaraðilum verkefnis PCC á Bakka væru af allt öðrum kaliber en raunin hafi verið hjá United Silicon. Hvort verkefnið PCC á Bakka gengi vel eða fari úrskaiðis, á næsta ári, næstu árum eða yfir höfuð myndi fara úrskaiðis, myndi tíminn leiða í ljós. Að halda því fram að allir hafi séð fyrirfram að fjárfestingin væri töpuð væri hinsvegar ekki ólíkt því að halda því fram að allir hefðu séð efnahagshrunið 2008 fyrir, sú fullyrðing stæðist einfaldlega ekki skoðun.

3. Kosning aðalmanna í stjórn

Bjarni fundarstjóri óskaði eftir að Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsaðili frá KPMG, drægi röð á ræðum frambjóðenda til setu í aðalmanna í stjórn Frjálsa. Eftirfarandi röð var á ræðumönnum:

1. Hrafn Árnason
2. Sigurður H. Ingimarsson
3. Halldór Friðrik Þorsteinsson
4. Hróbjartur Jónatansson



5. Anna Sigríður

Hrafn var staddur erlendis en sendi kynningu um sig sem var lesin af fundarstjóra:

Sigurður, Halldór, Hróbjartur og Anna Sigríður kynntu sín framboð.

Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn sjóðsins önnuðust talningu og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa viðstadda. Einnig var Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsmaður frá KPMG viðstödd talninguna.

Stutt hlé var gert á dagskrá.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2017 sem átti eingöngu við um tryggingadeild sjóðsins. Bjarni fór yfir forsendur í tryggingafræðilegu athuguninni. Mikilvægustu forsendur væru um vexti og lífslíkur. Notaðar væru íslenskar lífslíkur byggðar á reynslu áranna 2010-2014 og örorkulíkur 60% (90% að hluta) af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002. Í máli hans kom fram að áunnin staða breyttist úr 4,9% í 5,1%, framtíðarstaða væri -0,3% og heildarstaða væri 1,9% sem væri óbreytt staða frá árinu á undan. Ávöxtunin hefði ekki náð 3,5% viðmiði miðað við endurmetna eign en það væri vegið upp af hagstæðri afkomu tryggingaþátta. Loks fór Bjarni yfir sundurliðun á breytingum á skuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins á árinu.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2018. Hann sagði að aðal áherslubreytingar milli ára væru að hlutfall innlendra innlána lækki, hlutfall erlendra verðbréfa hækki (hlutabréf, skuldabréf, annað), dregið væri úr vægi innlendra ríkisskuldabréfa og aukin áhersla á sértryggð skuldabréf og skuldabréf traustra félaga. Sjóðfélagalán hækki milli ára en leitast yrði við að halda þeim í jafnvægi út frá markmiði fjárfestingastefnu til framtíðar. Dregið væri úr vægi innlendra hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir breytingarnar fyrir hverja leið fyrir sig. Hjörleifur sagði að breyting væri gerð á skilyrðum varðandi mikilsháttar og óvenjulegra viðskipta. Í þeim tilvikum sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdir væru haghafar að fjárfestingunni sem næmi meira en 50% af fjárfestingunni skyldi stjórn meta hvort og á hvaða hátt skuli óskað eftir utanaðkomandi mati á fjárfestingunni. Horft væri til að samanlagt hlutfall rekstraraðila, aðila tengdum honum og og/eða aðilum í eignastýringu hans við mat á 50% hlutfalli. Jafnframt var sú breyting



gerð að við frum- og forútbóð hlutabréfa rekstraraðila og aðilum honum tengdum á skipulegan verðbréfamarkaði skuli liggja fyrir verðmat þriðja aðila.

6. Kjör endurskoðanda

Tvær tillögur voru lagðar fram um kjör á endurskoðanda Frjálsa lífeyrissjóðsins. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins lagði til að endurskoðunarfyrirtækið Deloitte ehf. yrði áfram kjörin endurskoðandi sjóðsins Elín Þórðardóttir formaður endurskoðunarnefndar og stjórnarmaður kynnti tillögur stjórnar. Hún sagði að stjórn legði til Deloitte vegna þess að ánægja hefði verið með vinnubrögð og þjónustu félagsins við endurskoðun sjóðsins. Stjórn hefði þó ákveðið að fara í útbóð á þjónustunni fyrir endurskoðun ársins 2019 til að leitast við að fá sem hagkvæmust kjör fyrir þjónustuna.

Hróbjartur Jónatansson, sjóðfélagi, gerði tillögu um að endurskoðunarfyrirtækið Ernst&Young ehf. yrði kjörin endurskoðandi. Hann sagði að það væri fyrst og fremst gert vegna þess að sama endurskoðunarfélag hafi verið með sjóðinn um langan tíma og einnig vegna þess að sama félag væri með endurskoðun Arion banka. Hróbjartur lagði til að Ernst&Young ehf. tæki við, hann sagði að þeir væru með nokkra lífeyrissóði og hefðu þeir ekki fengið viðlíka gagnrýni í kjölfari hrunsins eins og aðrir endurskoðendur.

Ragnar sjóðfélagi spurði af hverju gjaldtaka hækkaði um 25% á síðasta ári hjá Deloitte?

Stefán Auðólfsson lögfræðingur benti á að Ernst&Young ehf. hafi komið að endurskoðun United Silicon. Niðurstaða skoðunar á reikningshaldi félagsins hafi verið að verulegur brestur hafi verið á aðskilnaði starfa og misbrestur á bókhaldi félagsins.

Arnaldur framkvæmdastjóri sagði að endurskoðun á milli árána 2016 og 2017 hefði hækkað sem næmi hækkun launavísitölu, eða um 6%. Um 25% hækkun á milli ára skv. ársreikningum skýrist af því að reikningar sem voru vegna endurskoðunar 2016 hefðu bókast á árið 2017.

Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Einnig var Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsmaður frá KPMG viðstödd talninguna.

2. Kosning aðalmanna í stjórn, framhald

Því næst tilkynnti fundarstjóri niðurstöður í stjórnarkjöri.



Niðurstöður í stjórnarkjöri:

Anna Sigríður Halldórsdóttir 6.137.986.056 atkvæði, 30%

Halldór Friðrik Þorsteinsson 5.608.649.260 atkvæði, 27%

Hrafn Árnason 4.966.891.991 atkvæði, 24%

Hróbjartur Jónatansson 2.670.742.244 atkvæði, 13%

Sigurður H. Ingimarsson 1.119.119.536 atkvæði, 5%

Auðir og ógildir seðlar voru: 0

Anna Sigríður Halldórsdóttir og Halldór Friðrik Halldórsson voru því réttkjörnir stjórnarmenn sjóðsins til næstu tveggja ára.

4. Kosning varamanna í stjórn

Bjarni fundarstjóri bauð Tryggva Þór Herbertssyni og Sigurði H. Ingimarssyni að kynna sig fyrir kosninguna. Sigurður H. Ingimarsson hafði áður kynnt sig, Hrafn sendi kynningu um sig sem áður var lesin upp. Tryggvi Þór Herbertsson kom upp og kynnti sig.

Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn sjóðsins önnuðust talningu og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa viðstadda. Einnig var Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsmaður frá KPMG viðstödd talninguna.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Halldór Friðrik Þorsteinsson kynnti tillögu sína um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Felld verði brott úr samþykktum sjóðsins gr. 4.9 sem hljóðar svo:

Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Halldór Friðrik sagðist vera viss um að ekki allir sjóðfélagar hafi áttað sig á því að ákvæði samþykpta sjóðsins bindi sjóðinn við einn banka, eins og fram kemur í gr. 4.9. Hann efaðist um að þetta ákvæði væri inni vegna kröfu sjóðfélaga. Ákvæðið hefði verið sett inn með sameiningu við Lífeyrissjóðinn Einingu.



Ákvæðið hefði verið sett inn til að tryggja bankanum yfirráð á sjóðnum. Hann sagði að það yrði aldrei friður um þetta ákvæði, hvorki Almenni lífeyrissjóðurinn né Íslenski lífeyrissjóðurinn væru með slík ákvæði. Ákvæðið bindi hendur stjórnar og að viðskiptasambönd þurfi að vera frjáls.

Haukur Gunnarsson lögfræðingur á lögfræðisviði Arion banka gerði grein fyrir tillögum stjórnar á samþykktum sjóðsins. Haukur sagði að það hafi kom fram hjá formanni stjórnar að þessar breytingar fælu í sér grundarvallar breytingar, að allir stjórnarmenn yrðu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi.

Aðrar breytingar væru aðallega vegna lagabreytinga og vegna hálf lífeyris.

4. Stjórn

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, þremur skipuðum af stjórn Arion banka hf. og fjórum kosnum af sjóðfélögum. Tveir aðalmenn skulu kosnir á hverjum ársfundi sjóðsins til tveggja ára í senn. Arion banki hf. skal skipa tvo varamenn og tveir varamenn skulu kosnir. Á ársfundi skulu kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrír aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til eins árs þriggja ára í senn.

Rökstuðningur

Markmið þeirra breytinga sem hér eru lagðar til, miða að því að auka aðkomu sjóðfélaga að stjórnskipan sjóðsins, samfara því sem horfið verður frá þeirri tilhögun að rekstraraðili sjóðsins skipi stjórnarmenn.

Hér er lagt til að í stað þess að rekstraraðili skipi þrjú stjórnarmenn og tveir stjórnarmenn séu kosnir á hverjum ársfundi skuli, eftir atvikum, tveir eða þrír aðalmenn vera kosnir árlega til þriggja ára. Í því felst að kjörtímabil stjórnarmanna er lengt í þrjú ár. Slíkt fyrirkomulag tekur mið af núverandi stærð stjórnar og því markmiði að tryggja ákveðna samfellu í störfum, enda kann það að vera óheppilegt að kjörtímabil meirihluta stjórnarmanna renni út samtímis. Það hvort tveir eða þrír eru kosnir ræðst, líkt og orðalagið ber með sér, af því hvort kjörtímabili þriggja eða tveggja stjórnarmanna er að renna út. Jafnframt er lagt til að varamönnum í stjórn sjóðsins verði fækkað um einn en að allir varamenn séu kjörnir á ársfundi sjóðsins, einn til þriggja ára á hverjum ársfundi.



23

4.1.a. Þrátt fyrir ákvæði 4.1. skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörnir þrír aðalmenn til þriggja ára og tveir aðalmenn til tveggja ára. Einnig skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörinn einn varamaður til þriggja ára, einn varamaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs. Frá og með ársfundi sjóðsins árið 2020 skal hið nýja fyrirkomulag skv. gr. 4.1. gilda um stjórn sjóðsins. Verða þá kjörnir tveir stjórnarmenn til þriggja ára og einn varamaður til þriggja ára. Mun bráðabirgðaákvæði þetta falla úr gildi við það tímamark.

Rökstuðningur

Ákvæði greinar 4.1.a. er bráðabirgðaákvæði sem er ætlað að gilda þar til jafnvægi næst í skipun stjórnar samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú er lagt til að taki gildi. Í því augnamiði að aðlaga stjórnskipan sjóðsins að nýju fyrirkomulagi við stjórnarkjör, er lagt til að framangreint bráðabirgðaákvæði gildi um stjórnarkjör á ársfundi sjóðsins árið 2019. Við það tímamark mun renna út skipun fimm stjórnarmanna; þriggja sem skipaðir verða af Arion banka hf. í framhaldi af ársfundi 2018 og tveggja sem kosnir voru á ársfundi árið 2017. Að sama skapi rennur út skipun tveggja varamanna sem á ársfundi árið 2018 verða skipaðir af Arion banka hf. og tveggja varamanna sem kosnir verða á ársfundi 2018. Mun fækkun varamanna taka gildi frá og með ársfundi árið 2019.

Rökstuðningur áfrh.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verða á ársfundi sjóðsins árið 2019 kosnir þrír stjórnarmenn til ársins 2022 og tveir stjórnarmenn kosnir til ársins 2021. Í framhaldinu verða tveir stjórnarmenn kosnir árið 2021 til þriggja ára og þrír stjórnarmenn verða kosnir árið 2022 til þriggja ára, í samræmi við hið nýja fyrirkomulag. Að því er varðar varamenn, verða þrír varamenn kjörnir á ársfundi ársins 2019. Einn verður kjörinn til þriggja ára, einn varamaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs, í því augnamiði að uppfylla ákvæði samþykktu um kjör á einum varamanni á hverjum ársfundi.

Samkvæmt framansögðu mun hið nýja fyrirkomulag gilda fullum fetum frá og með ársfundi sjóðsins árið 2020.



Tímalína aðlögunartímabils

Rennur út:
Aðalmenn:
Þrjár (skípaðir af AB 2016) + Tveir (kosnir 2017)
Varamenn:
Tveir (skípaðir af AB 2018) + Tveir (kosnir 2018). Færkkun.

Fjöldi kjörinna:
Aðalmenn:
Þrjár til 3 ára (2022)
Tveir til 2 ára (2021)
Varamenn:
Einn til 1 árs (2020)
Einn til 2 ára (2021)
Einn til 3 ára (2022)

2019

Rennur út:
Aðalmenn:
Tveir (kosnir 2019)
Varamenn:
Einn (kosinn 2019)

Fjöldi kjörinna:
Aðalmenn:
Tveir til 3 ára (2024)
Varamenn:
Einn til 3 ára (2024)

2021

2020

Rennur út:
Aðalmenn:
Tveir (kosnir 2018)
Varamenn:
Einn (kosinn 2019)

Fjöldi kjörinna:
Aðalmenn:
Tveir til 3 ára (2023)
Varamenn:
Einn til 3 ára (2023)

- 4.5. Fyrir sjóðinn skal starfa sérstök valnefnd, sem hefur ráðgefandi hlutverk vegna kosningar á stjórnarmönnum og leggur fram tillögur þess efnis fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal ákveða þóknun nefndarmanna vegna starfa sinna. Valnefnd skal skipuð þremur sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmaður skipaður skv. tilnefningu frá stjórn sjóðsins, einn nefndarmaður skal skipaður skv. tilnefningu frá Arion banka hf. Að auki skal stjórn sjóðsins fá utanaðkomandi aðila til að skipa einn nefndarmann. Skal stjórn sjóðsins líta til þess að sá aðili, sem er fenginn til verksins, hafi þekkingu á viðfangsefnum nefndarinnar.
- 4.6. Stjórn sjóðsins skal setja valnefnd starfsreglur sem miða að því að markmiði að koma á gagnsæiu og skýru fyrirkomulagi varðandi mat á frambjóðendum til stjórnar. Í starfsreglum skal m.a. fjallað um tilhögun á auglýsingum eftir framboðum og um tímafresti sem nefndin setur vegna móttöku framboða, auk þeirra viðmiða sem nefndinni ber meðal annarra að leggja til grundvallar við mat á hæfni frambjóðenda. Tryggja skal að rökstutt mat nefndarinnar á frambjóðendum liggja fyrir minnst tveimur vikum fyrir ársfund og skal það birt á vefsíðu sjóðsins. Einnig skal valnefnd leggja fyrir ársfund sjóðsins skýrslu vegna starfa sinna sl. ár. Valnefnd skal haga mati á frambjóðendum með það að markmiði að stjórn sjóðsins í heild hafi yfir að búa nauðsynlegri breidd í hæfni, reynslu og þekkingu.

Tillaga til breytinga á framangreindri tillögu til nýrrar gr. 4.5.

Fram kom ábending frá sjóðfélaga varðandi tillögu stjórnar til nýrrar greinar 4.5. í samþykktum sjóðsins, sem gerð er grein fyrir hér að framan. Varðaði ábendingin það að vísað er til Arion banka hf. í tillögunni og að betur færi á því að vísað væri til rekstraraðila sjóðsins, enda stæði ákvæðið þá sjálfstætt og óháð breytingum á rekstraraðila kæmu slíkar breytingar til síðar meir.

Stjórn sjóðsins er sammála þessari ábendingu sjóðfélaga og leggur til að ákvæði gr. 4.5. verði með eftirgreindum hætti í stað þess sem áður hafði verið lagt til:

- 4.5. Fyrir sjóðinn skal starfa sérstök valnefnd, sem hefur ráðgefandi hlutverk vegna kosningar á stjórnarmönnum og leggur fram tillögur þess efnis fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal ákveða þóknun nefndarmanna vegna starfa sinna. Valnefnd skal skipuð þremur sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmaður skipaður skv. tilnefningu frá stjórn sjóðsins, einn nefndarmaður skal skipaður skv. tilnefningu frá rekstraraðila sjóðsins. Að auki skal stjórn sjóðsins fá utanaðkomandi aðila til að skipa einn nefndarmann. Skal stjórn sjóðsins líta til þess að sá aðili, sem er fenginn til verksins, hafi þekkingu á viðfangsefnum nefndarinnar.

Rökstuðningur:

Í framangreindum ákvæðum—sem bætast inn í samþykktir sem gr. 4.5. og 4.6. með þeim afleiðingum að uppröðun breytist á ákvæðum sem á eftir koma, sem taka því númerin 4.7.–4.11.—er fjallað um skipan valnefndar, hlutverk hennar og þær lágmarksskyldur sem nefndin ber skv. samþykktum.

Í gr. 4.5. er lagt til að fram komi að fyrir sjóðinn starfi sérstök valnefnd og er grunnmarkmiðum nefndarinnar lýst, þ.e. að veita ráðgjöf vegna stjórnarkjörs í formi tillagna sem bornar eru fyrir ársfund sjóðsins. Í framhaldinu er fjallað um tillögu varðandi skipan nefndarinnar og er þar horft til þess að skipan hennar sé í höndum ólíkra haghafa. Með því að stjórn sjóðsins, sem starfar í umboði sjóðfélaga, rekstraradili ásamt utanaðkomandi aðila, sem stjórn fær til verksins og hefur til að bera þekkingu á störfum nefndarinnar, skipi valnefnd sem tilnefni frambjóðendur sem sjóðfélagar að endingu taka afstöðu til í atkvæðagreiðslu á ársfundi, má færa fyrir því rök að tryggð sé nægjanleg valddreifing ásamt nauðsynlegri faglegri breidd nefndarmanna.

Í gr. 4.6. er lagt til að tekið sé fram að stjórn sjóðsins setji valnefndinni starfsreglur en þó er kveðið á um þau markmið sem stefnt skuli að með störfum hennar. Gerð er tillaga um að starfsreglur valnefndar skuli m.a. fjalla um það hvernig skuli auglýst eftir framboðum og tímafrestum sem nefndin setur sér. Eðlilega mun nefndin setja sér aðra tímafresti í þessum efnunum en leiðir af hinum almenna framboðsfresti skv. samþykktum sjóðsins, sem standa óbreyttir. Tekið er fram að nefndin skuli rökstyðja mat sitt og að matið skuli gert opinbert. Að lokum er tiltekið að við mat sitt skuli valnefnd horfa til heildarsamsetningar stjórnarinnar og taka tillit til þeirra krafna sem gerðar eru á hverjum tíma.

4.7. Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfunda og skal halda fund ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

4.8. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

4.9. Stjórn sjóðsins er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn koma í þeirra stað. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

4.10. Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, skv. gildandi fjárfestingarstefnu hans.

4.11. Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

10.7. Samþykktarbreytingar í greinum 10.2, 10.5 og 10.6 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, þó eigi fyrir en 1. september 2018.

Rökstuðningur

Lagt er til með að ákvæði sem snúa að hálfum lífeyri taki gildi á sama tíma hjá öllum sjóðum og því er hér sett inn ákvæði að breytingar í greinum 10.2, 10.5 og 10.6 taki ekki gildi fyrir en 1. september 2018.

14. Geymd réttindi

14.3. Ákvæði greina 10.5-10.7 um hálfan lífeyri gilda jafnframt um geymd réttindi eins og við á sbr. gr. 14.1. og 14.2.

Rökstuðningur

Þetta ákvæði er sett inn til að skýrt sé að framangreind ákvæði í gr. 10 um hálfan lífeyri eigi einnig við um Tryggingaleiðina annars vegar og geymd réttindi sem voru flutt til sjóðsins frá Lífeyrissjóði Bolungarvíkur hins vegar.

1. c.

Niðurfelling heimilda til að afla lágmarkstryggingaverndar með greiðslu í Tryggingaleið

Við breytingu á samþykktum 29. júní 2017 er felld niður heimild fyrir sjóðfélaga til að afla lágmark tryggingaverndar með greiðslu lágmarksiðgjalds í Tryggingaleiðina. Greiðandi sjóðfélagar Tryggingaleiðinni geta þó greitt í leiðina í að hámarki tvo mánuði eftir gildistöku breytinganna á meðan þeir fá frest til að velja hvort lágmarkstryggingaverndar er aflað í Frjálsu leiðinni eða Erfanlegu leiðin. Iðgjöld sjóðfélaga sem ekki velja leið er ráðstafað í Frjálsu leiðina. Breytingin tekur gildi fyrsta dag næs mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins sbr. gr. 22.

Sjóðfélagar sem hafa aflað réttinda með greiðslu iðgjalda í Tryggingaleiðinni halda áunnum réttindum sínum í leiðinni eftir að óheimilt er að greiða í hana og eiga því geymd réttindi í tryggingadeil. Réttindaávinnsla Tryggingaleiðar miðast við að ellilífeyrir sé greiddur út frá 67 ára aldri en heimilt er að flýta eða fresta töku lífeyris sbr. töflu T2.



Handwritten initials or signature in blue ink, appearing as a stylized 'S' or 'G' followed by a flourish.

Tafla T2

Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.7, gr. 10 og gr. 14.1 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins
Breyting ellilífeyrisréttinda með frestun/flýtingu á töku ellilífeyris fyrir sjóðfélaga í Frjálsu leiðinni og Tryggingaleiðinni. Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi sem hundraðshluta af lífeyrisréttindum við 70 ára aldur í Frjálsu leiðinni og við 67 ára aldur í Tryggingaleiðinni.

Aldur	Samtryggingarleið	
	Frjálsa leiðin	Tryggingaleiðin
60	46,0	60,0
61	49,4	64,3
62	53,1	68,9
63	57,1	74,0
64	61,6	79,7
65	66,4	85,8
66	71,8	92,5
67	77,8	100,0
68	84,4	107,0
69	91,7	114,9
70	100,0	122,5
71	107,8	131,8
72	116,6	142,2
73	126,6	<u>156,4</u>
74	138,1	<u>170,5</u>
75	151,2	<u>186,9</u>
76	167,2	<u>205,7</u>
77	184,9	<u>227,6</u>
78	205,8	<u>253,1</u>
79	230,4	238,2
80	259,6	319,0

Rökstuðningur

Bætt er við fyrirsögn við lið 1. c. í viðaukanum. Réttindatöflur sjóðsins eru einnig uppfærðar m.t.t. breytinga á hámarksaldri sjóðsins, þ.e. hækkun upp í 80 ára aldur í Frjálsu leiðinni og Tryggingaleiðinni.

Rökstuðningur

Bætt er við fyrirsögn við lið 1. c. í viðaukanum. Réttindatöflur sjóðsins eru einnig uppfærðar m.t.t. breytinga á hámarksaldri sjóðsins, þ.e. hækkun upp í 80 ára aldur í Frjálsu leiðinni og Tryggingaleiðinni.

Orðið var gefið laust um breytingartillögur samþykktanna.

Ásdís Eva varaformaður í stjórn Frjálsa byrjaði á að óska Önnu Sigríði og Halldóri til hamingju með kosninguna. Ásdís sagði að breytingartillaga Halldórs fæli í sér að valdið til að ákveða fyrirkomulag rekstrar sjóðsins færðist frá sjóðfélögum til stjórnar. Henni fundist að sjóðfélagar eigi að hafa lokaorðið um svo mikilvæga ákvörðun og væri því ósammála breytingartillögum.

Guðmundur Hauksson sagðist hafa setið í stjórnum Lífeyrissjóðsins Einingar og Frjálsa lífeyrissjóðsins. Hann sagðist vera mjög ánægður með sjóðinn og stýddi að sjóðfélagar kæmu meira að málum eins og að kjósa í stjórn sjóðsins. Hann hefði þó áhyggjur af því að í sjóðnum væru rúmlega 50 þúsund sjóðfélagar en hér inni væru innan við 1% þeirra að kjósa um mikla hagsmuni. Hann sagði að með tillögu stjórnar væri ekki verið að taka of mikla áhættu. Hann hefði verið ánægður með starfsmenn sem kæmu að rekstri sjóðsins og vildi að það væri hægt að treysta því að það væri vandlega hugsað um afleiðingar áður en farið verði í stórar breytingar.

Jónas Fr. Jónasson sjóðfélagi sagði að ákvæði um valnefnd væru skref í rétta átt en myndist tillagan gölluð að því leyti að rekstraraðili skuli skipa í hana því það væri eins og að starfsmenn fyrirtækis velji í stjórn þess.

Jónas Fr. Jónasson lagði fram eftirfarandi breytingartillögu við breytingartillögu stjórnar:

Fyrir sjóðinn skal starfa sérstök valnefnd, sem hefur ráðgefandi hlutverk vegna kosningar á stjórnarmönnum og leggur fram tillögur þess efnis fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal ákveða þóknun nefndarmanna vegna starfa sinna. Valnefnd skal skipuð þremur sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmaður skipaður skv. tilnefningu frá stjórn sjóðsins, sem formaður. Tveir nefndarmenn skulu kjörnir árinu áður af ársfundi sjóðsins til eins árs í senn og gilda ákvæði 4.2 um framboð þeirra, en þó skulu einstaklingar í valnefnd kjörnir á ársfundi 2018 án þess að ákvæði 4.2. eigi við. ~~ein~~ nefndarmaður skal skipaður skv. tilnefningu frá Arion banka hf. Að auki skal stjórn sjóðsins fá utanaðkomandi aðila til að skipa einn nefndarmann. Skal stjórn sjóðsins líta til þess að sá aðili, sem fenginn er til verksins, hafi þekkingu á viðfangsefnum nefndarinnar.

Arnaldur framkvæmdastjóri sagði að tillaga stjórnar hafi verið tekin fyrir á fjölmörgum stjórnarfundum. Hann sagði að rökin fyrir tillögu um að rekstraraðili skipi einn mann í valnefnd væri að þeir sem skipuðu í valnefndina hefðu verulega hagsmuni af því að vel takist til með rekstur sjóðsins. Ef kosið væri um meirihluta valnefndar á ársfundi þá væri ekki hægt að tryggja breidd í hækni valnefndar.

Jónas Fr. Jónasson. sagði að enginn hefði meiri hagsmuni af því en að vel takist til með rekstur sjóðsins en sjóðfélagar. Þeir hafi meiri hagsmuni en óháður aðili út í bæ.

Tillögur voru því næst bornar undir atkvæði, hver fyrir sig.

Breytingartillögur á greinum 7, 10 og 14 voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum af öllum þorra fundarmanna.

Gengið var til skriflegra kosninga um breytingartillögurnar og útskýrði fundarstjóri hvaða atkvæðaseðla ætti að nota fyrir hverja breytingartillögu. Kosið var um hverja fyrir sig, breytingartillögu Halldórs Friðriks á grein nr. 4.9, breytingartillögu stjórnar á grein 4.1 og viðbót í gr. 4.1.a., og breytingartillögu Jónasar á breytingartillögu stjórnar gr. 4.5.

Þessum lið á dagskránni var frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn sjóðsins önnuðust talningu. Einnig var Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsmaður frá KPMG viðstödd talninguna.

4. Kosning varamanna í stjórn, framhald

Því næst var tilkynnt um niðurstöðu kosningar varamanna í stjórn.

Hrafn Árnason 6.808.515.761 atkvæði 37%

Sigurður H. Ingimarsson 6.486.240.261 atkvæði 36%

Tryggvi Þór Herbertsson 4.835.337.954 atkvæði 27%

Auðir og ógildir seðlar voru 62.410.191 atkvæði.

Hrafn Árnason og Sigurður H. Ingimarsson voru því réttkjörnir varamenn í stjórn sjóðsins til næstu tveggja ára.

6. Kjör endurskoðanda, framhald

Niðurstöður kosninga á kjöri endurskoðanda.

Deloitte 5.829.321.768 atkvæði 58%

Ernst&Young 4.269.778.394 atkvæði 42%

Auðir og ógildir seðlar voru: 0

Deloitte var endurkjörinn endurskoðandi sjóðsins.

8. Laun stjórnarmanna

Lagt var til að stjórnarlaun aðalmanna yrðu óbreytt, 163.500 kr. á mánuði og að laun stjórnarformanns yrðu óbreytt tvöföld laun aðalmanna. Einnig var lagt til að stjórnarlaun varamanna verði óbreytt fyrir hvern setinn stjórnarfund, þau eru helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Árslaun varamanna verði áfram að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Fundarstjóri bar upp tillöguna með handauppréttingu og var hún samþykkt.

Tillaga stjórnar um óbreytt stjórnarlaun, 163.500 kr. á mánuði og tvöföld til stjórnarformanns, var samþykkt.

9. Önnur mál

Ásdís Eva varaformaður í stjórn Frjálsa greindi frá tillögu stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins til ályktunar um breytingar á samþykktum sjóðsins á næsta ársfundi eða aukafundi.

Tillaga stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins til ályktunar á ársfundi:

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins leggur fram tillögu til ályktunar um að ársfundur feli stjórn sjóðsins að koma með tillögu til breytinga á samþykktum á næsta ársfundi eða aukaársfundi varðandi tilhögun rekstrarfyrirkomulags sjóðsins. Stjórn telur óþarfi að tilgreina í samþykktum sjóðsins hver rekstraraðili sjóðsins er með þeim hætti sem verið hefur. Aftur á móti er það skoðun stjórnar að hún eigi ekki að geta gert einhliða breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eða vali á rekstraraðila án þess að leggja breytinguna fyrir sjóðfélaga til samþykktar á ársfundi. Stjórnin telur því rétt að gera neðangreindar breytingar á samþykktum til að þar endurspeglist þetta viðhorf.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins leggur því til að ársfundur sjóðsins 30. maí 2018 samþykki að fela stjórn að koma með tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins á næsta ársfundi eða aukaársfundi sem feli í sér að:

- tilvísun til Arion banka sem rekstraraðila sjóðsins verði tekin út úr samþykktum, hafi það ekki þegar verið samþykkt á fundinum,
- að sett verði inn heimild fyrir stjórn sjóðsins til að semja við ótilgreindan utankomandi aðila um daglegan rekstur sjóðsins, og
- að sett verði í samþykktir ákvæði um að breytingar sem stjórn hyggist gera á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins eða vali á rekstraraðila skuli bornar undir sjóðfélagafund til samþykktar og öðlist aðeins gildi hafi tillagan hlotið samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða líkt og gildir um samþykktarbreytingar.



Verði tillaga þessi samþykkt munu tillögur til breytinga á samþykktum verða auglýstar í samræmi við samþykktir sjóðsins til kynningar fyrir sjóðfélaga fyrir ársfund eða aukaársfund sjóðsins.

Tillaga þessi er gerð m.a. í ljósi þess að framlögð breytingartillaga sjóðfélaga á samþykktum sjóðsins felur það í sér, verði hún samþykkt, að stjórn sjóðsins mun geta einhliða gert breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eða vali á rekstraraðila án þess að leggja breytinguna fyrir sjóðfélaga til samþykktar á ársfundi. Núverandi ákvæði greinar 4.9 um rekstraraðila felur í sér að stjórn getur ekki gert slíkar breytingar einhliða þar sem að aðkomu sjóðfélaga þarf á ársfundi til breytinga.

Fundarstjóri bar tillöguna upp með handaruppréttingu og var hún samþykkt.

Tillaga stjórnar um að ársfundur feli stjórn sjóðsins að koma með tillögu til breytinga á samþykktum á næsta ársfundi eða aukaársfundi varðandi tilhögun að rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins var samþykkt.

Fundarstjóri vakti athygli á tillögu Hróbjarts Jónatanssonar sjóðfélaga sem lá fyrir fundinum:

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins haldinn 30. maí 2018 samþykkir að lífeyrissjóðurinn skuli fela óháðum lögmönnum og endurskoðendum án tafar að meta;

í fyrsta lagi, hvort ráðgjöf Arion banka til lífeyrissjóðsins um fjárfestingu í United Silicon verkefninu í Helguvík kunni að vera saknæm og ólögmæt, og

í öðru lagi, hvort fjárfesting lífeyrissjóðsins í United Silicon verkefninu samræmist lögum og reglum um forsvaranlega meðferð á fjármunum sjóðsins.

Greinargerð með tillögunni:

Fyrir liggur að Frjálsi lífeyrissjóðurinn fjárfesti liðlega 1200 milljónir króna í stofnsetningu á verksmiðju United Silicon í Helguvík fyrir tilstilli Arion banka sem var leiðandi fjármögnunaraðili á verkefninu, með kaupum á hlutafé og lánveitingu til félagsins Kísill III slhf. Það fé, sem nemur u.þ.b. 0,5% af hreinni eign sjóðsins, er nú tapað í kjölfar gjaldþrots United Silicon. Í ljósi tengsla Arion banka við verkefnið, fjárhagsstöðu United Silicon og skyldra aðila og atvika í tengslum við byggingu og starfsleyfi verksmiðjunnar, sem síðar hafa komið í ljós, er ástæða til þess að fá úr því skorið með skoðun óháðra sérfræðinga hvort staðið hafi verið með forsvaranlegum hætti að ákvörðun um fjárfestingu sjóðsins í United Silicon.

Elías Jónatansson stjórnarmaður talaði gegn tillögu Hróbjarts um rannsókn, því rannsókn hefði staðið yfir á fjárfestingarferli United Silicon af óháðum lögmanni sem hefði kynnt sína vinnu á fundinum og af hálfu FME. Hann lagði því til að tillaga Hróbjarts yrði felld.



Sigurður H. Ingimarsson þakkaði traustið vegna kosningu hans sem varamanns og sagði varðandi þessa tillögu Hróbjarts að honum sýnist þessi rannsókn hafa farið fram og velti upp vegna fjarveru tillöguhöfundar hvort bera ætti tillöguna fram.

Tillaga stjórnar var borinn upp með handauppréttingu og var hún samþykkt.

Tillaga Hróbjarts var borinn upp með handauppréttingu en engin studdi tillöguna, hún var því felld.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, framhald

Niðurstaða kosningar á breytingartillögu stjórnar greinar 4.1 og 4.1a

Já – atkvæði 10.636.644.291 / 99,58%

Nei – atkvæði 17.720.278 / 0,17%

Auðir og ógildir seðlar – atkvæði 27.378.218 / 0,26%

Tillagan var því samþykkt.

Niðurstaða kosningar á breytingartillögu stjórnar gr. 4.5 og 4.6 að viðbættri breytingartillögu sjóðfélaga.

Já – atkvæði 5.368.199.158 / 49%

Nei – atkvæði 5.524.620.031 / 51%

Auður og ógildir seðlar – atkvæði 20.301.692

Tillagan var því felld.

Niðurstaða kosningar á breytingartillögu Halldórs Friðriks sjóðfélaga á gr. 4.9

Já – atkvæði 4.648.341.301 / 43%

Nei – atkvæði 6.243.848.472 / 57%

Auðir og ógildir seðlar – atkvæði 20.301.692

Tillagan var því felld.

Gengið var til kosninga á breytingartillögu stjórnar á greinum 4.5 og 4.6., skrifleg kosning.

Hlé var gert á fundi.

Niðurstöður kosninga á breytingartillögu stjórnar á greinum 4.5. og 4.6.

Já – 5.103.928.986 atkvæði / 58%

Nei – 3.691.904.762 atkvæði / 42%

Auðir og ógildir seðlar – atkvæði 0

Tillagan var því fell því það þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breyta ákvæðum samþykka sjóðsins.

Arnaldur og Ásdís Eva, þökkuðu Ásgeiri Thoroddsen giftudrjúg störf í þágu Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ásdís Eva Hannesdóttir, varaformaður stjórnar, þakkaði Ásgeiri fyrir forystu hans í málefnum sjóðsins í 16 ár og Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, færði honum blómvönd. Sjóðfélagar á fundinum hylltu fráfarandi stjórnarformann með lófaklappi, en hann tilkynnti fyrir tveimur árum að hann hygðist ekki bjóða sig fram til stjórnarsetu að loknu kjörtímabilinu.

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Sleit að svo búnu fundi kl. 23:53

Bjarni Þór Óskarsson
Fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari